



Ráðning starfsmanns Edinborgarhúss

Edinborgarhúsið er eitt af þremur menningarhúsum á Ísafirði, skv. samkomulagi milli ríkis og Ísafjarðarbæjar frá 2003. Árið 2016 rann út samningur Ísafjarðarbæjar og Edinborgarhússins um uppbyggingu hússins, og síðan þá hefur verið reynt að vinna að öruggum rekstrargrundvelli hússins til framtíðar, s.s. með gerð þríhliða samnings milli Ísafjarðarbæjar, hússins og ríkisins, en þó án árangurs. Hafa því erindi vegna framtíðar hússins borist bæjarráði frá árinu 2017, og stjórn hússins komið ítrekað til fundar um málefnið, þó án þess að niðurstaða náist um framtíðarskipan mála.

Árið 2014 var tekin ákvörðun hjá stjórn hússins að ráða rekstrar- og viðburðastjóra í fullt starf, en fram að því hafði rekstur hússins og viðburðastjórnun verið í höndum hlutastarfsmanna eða á forræði stjórnar. Talið var að húsið gæti ekki staðið undir nafni sem menningarhús öðruvísi en að starfsmaður væri í fullu starfi til að sinna því hlutverki. Reynslan af ráðningunni var mjög góð en rekstur hússins þyngdist þó mjög. Nauðsynlegt var því snemma árs 2019 að leggja stöðu rekstrar- og viðburðastjóra niður. Í kjölfarið dróst starfsemin verulega saman.

Ísafjarðarbær hefur ekki greitt rekstrarstyrk til Edinborgarhússinu frá lokum fyrrgreinds samnings árið 2016, ef frá er talinn styrkur sem samþykktur var í lok árs 2020. En þá náðist sá áfangi að mennta- og menningarmálaráðuneytið lagði til 4,5 m.kr. styrk til hússins, og greiddi Ísafjarðarbær 4 m.kr. sem mótstyrk. Í lok árs 2021 voru málefni hússins enn til umræðu á fundi bæjarráðs, og fól ráðið þá bæjarstjóra að ganga til viðræðna við stjórn Edinborgarhússins um að sveitarfélagið komi að ráðningu starfsmanns í húsið sem tæki að sér daglega umsýslu, auk verkefna fyrir sveitarfélagið í menningarmálum.

Síðust vikur og mánuði hefur því samtal átt sér stað milli stjórnar Edinborgarhússins og stjórnenda Ísafjarðarbæjar um útfærslu málsins. Samhliða því hefur verið unnið að gerð menningarstefnu fyrir Ísafjarðarbæ. Hefur stefnunni verið vísað til bæjarstjórnar til samþykktar. Eins og fram kemur í minnisblöðum um stefnuna sem lögð voru fyrir 162. fund menningarmálanefndar, þann 28. mars 2022, mun aðgerðaáætlun fylgja stefnunni. Aðgerðaáætlun verður unnið í sumar og nk. haust, og ætluð nýrri bæjarstjórn til samþykktar ásamt fjármunum til næstu ára í fjárhagsáætlun. Ein af þeim hugmyndum sem fram hafa komið um aðgerðir er að koma á þríhliða samningi við ríkið um rekstur hússins og/eða gera langtímasamning um rekstur hússins, enda fyrirséð að aukins slagkrafts þarf til starfseminnar eigi húsið að sinna hlutverki sínu sem menningarhús.

Þar til aðgerðaáætlun menningarmálastefnunnar verður samþykkt þarf þó að grípa til skammtímaráðstafana. Er því lagt fram hér til samþykktar erindi stjórnar Edinborgarhússins um að Ísafjarðarbær veiti styrk til ráðningar rekstrar- og viðburðastjóra á árinu 2022. Meðfylgjandi erindi stjórnarinnar er skjal sem sýnir mánaðarlegan kostnað launa og launatengdra gjalda. Líklegt þykir að ráða megi starfsmann frá upphafi maí 2022.